



Forsætisnefnd

Efni: Kostnaður vegna starfsaðstöðu borgarfulltrúa

Vísað er til fyrirspurnar forseta borgarstjórnar, dags. 11. október sl., sem barst 4. nóvember til fjármála- og áhættustýringarsviðs um kostnað vegna starfsaðstöðu borgarfulltrúa. Fyrirspurnin er eftirfarandi:

„Hver er mánaðarlegur húsnæðiskostnaður vegna starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa. Átt er við kostnað vegna húsnæðis á Tjarnargötu sem skrifstofuaðstöðu í Ráðhúsinu vegna þeirra kjörinna fulltrúa, annarra en borgarstjóra, sem þar hafa aðstöðu.“

Í bókhaldi Reykjavíkurborgar er rekstur á húsnæðinu Tjarnagötu 12 (T12) og Ráðhúsinu Tjarnagötu 11 (T11) færður á kostnaðarstaðinn **01370 Rekstur Ráðhúss**. Auk þess er hluti af innri leigu Ráðhúss færður á sameiginlegan kostnað **01999 Innri leiga húsnæðis, áhalda og tækja**. Samtals er rekstrarkostnaður fyrir T12 og T11 er áætlaður 506,5 m.kr. á árinu 2019. Þar af er innri leiga 406,7 m.kr. Fermetrafjöldi húsanna er samtals 11.126 m² fyrir bæði húsin og er að jafnaði gert ráð fyrir að rekstrarkostnaður pr. ár á fermetra sé 45.522 kr. Innfalið í þeirri fjárhæð er t.d. innri leiga, öryggisvarsla, ræsting, húsvarsla, rafmagn, hiti og minni háttar viðhald og endurnýju búnaðar. Miðað er við að borgarfulltrúar nýti samtals um 390 fm. vegna starfsaðstöðu og að kostnaður nemi samtals um 17,8 m.kr. vegna þeirra eða um 1,5 m.kr. á mánuði sjá töflu:

Borgarfulltrúar - aðal og vara	M2	Krónur pr. M2 á ári	Kostn. pr. mánuð	Samtals kostn. á ári
Áætlaður kostnaður m.v. 30 kjörna fulltrúa	390	45.522	1.481.215	17.774.581

Halldóra Káradóttir
sviðsstjóri